

Miðvikudaginn 27. júní 1951.

Kærumálið nr. 15/1951.

Sveinn Sveinsson

gegn

**Árna Þorbjörnssyni setufógeta og Sigurði Sigurðssyni sýslumanni, umboðsmanni þjóð-
jarða í Skagafjarðarsýslu.**

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson,
próf. Ólafur Jóhannesson og hrl.
Ragnar Jónsson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörns-
sonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Setufógeta talið óskýlt að víkja sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 9. júní þ. á., er hingað barst 13. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 37. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Skaga-fjarðarsýslu 9. júní þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknar-aðilja, en með úrskurði þessum neitar fógeti því að víkja sæti í málinu.

Sóknaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð í málinu og krafizt þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að setufógetanum verði gert skýlt að víkja sæti í málinu. Hæsta-rétti hafa ekki borizt kröfur né greinargerð frá varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Með því að engar málskostnaðarkröfur hafa verið gerðar, fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Skagafjarðarsýslu 9. júní 1951.

Umboðsmaður gerðarþola í máli þessu hefur í fógetaréttinum krafizt, að hinn setti fógeti, Árni Þorbjörnsson cand. jur. á Sauðárkróki, víki sæti

fógetans fyrir skyldleikasakir setts fógeta og gerðarbeiðanda, með tilvisun í 2. tl. 36. gr. laga nr. 85 1936 svo og með skírskotun til 7. tl. 36. gr. sömu laga.

Nú er skyldleika gerðarbeiðanda, Sigurðar Sigurðssonar sýslumanns, og ofanefnds setufógeta þannig háttað, að þeir eru skyldir að öðrum og þriðja lið til hliðar. Fyrir skírskotun sinni til 7. tl. ofangreindra lagagreinar færir umboðsmaður gerðarþola engin rök, enda þar á engum rökum að byggja.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram í málinu, að hann sé ekki aðili þessa fógetamáls í réttum skilningi þess orðs, heldur fyrirsvarsmaður aðilja (málflytjandi hins opinbera) og umboðsmaður. Skyldleiki fógetans við gerðarbeiðanda er tæplega nógu náinn, til að hann verði heimfærður undir 2. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Þar sem skilningur gerðarbeiðanda verður að teljast réttur á því atriði, að hann sé fyrirsvarsmaður aðilja, þá er það vafalaust samkvæmt 3. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, að skyldleiki fógetans og margnefnds gerðarbeiðanda er ekki svo náinn, að fógeta beri að víkja sæti.

Því úrskurðast:

Hinn setti fógeti, Árni Þorbjörnsson cand. jur., vikur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 27. júní 1951.

Nr. 162/1949. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)
 gegn
Ragnari Frímanni Kristjánssyni
 (Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson,
 próf. Ólafur Jóhannesson og próf.
 Ármann Snævarr í stað hrd. Árna
 Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörns-
 sonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
 sonar.

Maður leystur úr öryggisgæzlu.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærvaldið hefur samkvæmt ósk stefnda, Ragnars Frímans Kristjánssonar, skotið til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1949 dómi aukaréttar Árnæssýslu frá 16. ágúst